

Leiðbeiningar

# Uppsetning á Apple TV!

## ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Apple TV 4 eða Apple TV 4K  
- fæst í næstu verslun Nova og á Nova.is.

Nettenging

- Ljósleiðari eða 4G box frá Nova.

Sjónvarp eða skjá með HDMI tengi.




HDMI snúru

- seld sér.




## 1. TENGDU ÞAÐ VIÐ RAFMAGN

Byrjaðu á því að tengja Apple TV við rafmagn nálægt sjónvarpinu þínu og tengdu það með netsnúru við netbeini (uppsetning með þráðlausu neti, WiFi kemur síðar).



## 2. TENGDU ÞAÐ VIÐ SJÓNVARP

Næst skaltu tengja Apple TV við sjónvarp með HDMI snúrum sem seldar eru sér. Þess skal þó geta að það þarf HDMI 2.0 snúru ef þú ert með Apple TV 4K til að fá sem best myndgæði.




## 3. KVEIKTU Á SJÓNVARPINU

Kveiktu á sjónvarpinu og veldu tengið sem þú tengdir Apple TV í til þess að hefja uppsetningu.

## 4. TENGDU FJARSTÝRINGUNA

Smelltu á snertiflötinn á fjarstýringunni til að tengja hana við Apple TV.

Ef ekkert gerist þarftu að halda MENU og hækka takkanum (+) niðri í fimm sekúndur, en einnig gæti verið að þú sért of langt frá tækinu.



## 5. VELDU TUNGUMÁL

Notaðu snertiflötinn á fjarstýringunni til þess að velja tungumál (English) og land (Ísland).

## 6. UPPSETNING

Hægt er að setja Apple TV upp á tvo vegu þ.e.a.s handvirkt eða nota iPhone/iPad.

### Sjálfvirk uppsetning

1. Veldu "Set Up with Device" en nauðsynlegt er að eiga annaðhvort iPhone eða iPad með iOS 9.1 eða nýrra.
2. Opnaðu skjáinn á tækinu og gakkstu úr skugga um að vera með kveikt á bæði WiFi og Bluetooth.
3. Farðu sem næst Apple TV og hinkraðu þangað til skilaboð birtast á skjánum, ef ekkert gerist gætirðu þurft að endurræsa iPhone/iPad.
4. Fylgdu þeim leiðbeiningum sem birtast á skjánum í iPhone/iPad og svo loks á Apple TV.

### Handvirk uppsetning

1. Veldu "Set Up Manually"
2. Ef þú ert ekki með Apple TV tengt við netbeini með snúru skaltu finna netið þitt úr listanum yfir WiFi sem kemur upp og stimpla inn lykilorðið sem stendur aftan á netbeininum.
3. Næst skaltu skrá þig inn með Apple ID aðganginum, en hann er nauðsynlegur til að sækja forrit og leiki. Sértu ekki með Apple ID þá getur þú búið til nýtt á <https://appleid.apple.com/account>
4. Fylgdu loks þeim leiðbeiningum sem koma fram á skjánum til að klára uppsetninguna.